

Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 22. október 2015
UST201509-181/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Tillaga að deiliskipulagi Hvammstangahafnar.

Vísað er til erindis umhverfisstjóra Húnaþings vestra er barst 24. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi Hvammstangahafnar.

Í lýsingu kemur fram að tillögusvæðið er 11 ha að stærð og liggur neðan Strandgötu og Höfðabrautar.

Í lýsingu kemur einnig fram að helstu markmið skipulagsins eru að skilgreina núverandi og nýjar lóðir á svæðinu, bæta umhverfi hafnarsvæðisins og skilgreina öruggar umferðarleiðir fyrir mismunandi ferðamáta.


Fram kemur einnig að meðal leiða til að ná fram markmiðum væntanlegs skipulags er að tryggð verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun smábátahafnar og uppbyggingu verbúða.


Umhverfisstofnun bendir á að ef hættu er á að efni berist til sjávar við framkvæmdir, þá þarf að gæta þess að fara að lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Einnig bendir stofnunin á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfisstofnun telur jákvætt að nýta á betur þegar raskað hafnarsvæði Hvammstangahafnar, og telur það minnka þörf á að taka óröskuð svæði undir atvinnulóðir.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur